

Niðurstöður þjónustumats á haustönn 2008


Titill:	Þjónustukönnun haust 2008
Þátttakendur:	972
Könnun skráð:	mán 17.nóv 2008
Þátttakendur sem hafa klárað:	238
Könnun lýkur (dd/mm/yyyy):	sun 30.nóv 2008
Svarhlutfall:	24%

Stjórnendur

Könnun á samskiptum nemenda við stjórnendur


Auðvelt er að ná fundi skólameistara

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	veit ekki
30 (13%)	62 (26%)	12 (5%)	2 (1%)	131 (55%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




Ég er ánægð/ur með samskipti skólameistara við nemendur

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	veit ekki
35 (15%)	82 (35%)	15 (6%)	6 (3%)	98 (42%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




Auðvelt er að ná fundi aðstoðarskólameistara

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki
 33 (14%) 66 (28%) 9 (4%) 3 (1%) 125 (53%)

**Ég er ánægð/ur með samskipti aðstoðarskólameistara við nemendur**

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki
 29 (12%) 80 (34%) 15 (6%) 7 (3%) 105 (44%)




Náms- og starfsráðgjafar

Könnun á samskiptum nemenda við náms- og starfsráðgjafa

Náms- og starfsráðgjafar hafa kynnt starf sitt nógu vel


mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	veit ekki
42 (18%)	102 (44%)	47 (20%)	15 (6%)	28 (12%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



Hvaða möguleika viltu hafa til að fá tíma hjá námsráðgjafa? (Hér má merkja við fleira en eitt)

banka hjá honum	190 (38%)	<input type="checkbox"/>
hringja	107 (22%)	<input type="checkbox"/>
skrifa sig á lista	160 (32%)	<input type="checkbox"/>
annað (hakaðu við til að geta skráð þína tillögu)	37 (7%)	<input type="checkbox"/>

[Sjá texta svör](#)



37 nemendur skráðu eigin tillögu:

- panta tíma í tölvupósti (26 nemendur)
 - Væri líka fínt að geta sent tölvupóst og hann/hún myndi ná í mann í tíma.
 - Gott væri að geta sent e-mail og fengið hjálp þannig (veit ekki hvort slíkt sé hægt). Bóka tíma í gegnum netið, Inna, WebCT, mínar síður, eða með e-maili.
 - Möguleiki á að panta tíma fyrirfram þá með maili til viðkomandi eða símtali.
 - Það væri rosa gott að geta hringt og sett fram fyrirspurnir því stundum er maður að velta fyrir sér einhverju þegar maður er heima og á ekki að vera í tíma og þá er auðveldara að hringja heldur en að keyra allaleið niðrettir kannski bara me eina spurningu. P.S. en ég er auðvitað að tala um að þá mundi þetta bara vera hægt á skóla tíma ;)


- panta tíma (4 nemendur)
 - panta tíma s.s. hafa ákveðinn tíma sem maður á að mæta frekar en að bíða í röð eða koma að óþörfu því þau eru síðan ekki við.
 - mér finnst að það eigi að vera hægt að panta tíma á netinu hjá þeim, svo maður geti bara gert það sjálfur og vitað hvenar maður kemst til þeirra og hvenar þeir eru lausir.

- skrifa sig á lista (2 nemendur)
 - Ég vil að þær geti skrifað okkur á lista hjá sér (ekki hafa listan fyrir utna það gengur ekki því það gleyma allir tímanum) ef við viljum tala við hana og svo getiur hún kallað eftir okkur t.d út tímum og við talað við hana.
 - Gott væri að geta bankað uppá en ég skil vel að það gengur ekki vegna fjölda nemenda við skólann. En það væri lang best að fá að skrifa sig á lista þar sem tími væri gefinn upp þannig að nemandi fengi ákveðinn tíma sem hann ætti að mæta á.


- annað (4 nemendur)
 - Að kennararnir reddi þessu
 - maður á að geta farið til námsráðgjafa þegar maður þarf á því að halda, maður veit aldrei hvenar röðin kemur að manni þegar maður er skráður á lista og hver er búinn.
 - Námsráðghafar ættu að koma meira og ræða við nemendur og tala við þá hvort sem þeir koma í tíma eða bara í matarhléum, því margir eru feimnir við að ræða um hluti sem eru að gera þeim erfit fyrir.
 - Það væri rosa gott að geta hringt og sett fram fyrirspurnir því stundum er maður að velta fyrir sér einhverju þegar maður er heima og á ekki að vera í tíma og þá er auðveldara að hringja heldur en að keyra allaleið niðrettir kannski bara me eina spurningu. P.S. en ég er auðvitað að tala um að þá mundi þetta bara vera hægt á skóla tíma ;)

Auðvelt er að ná fundi náms- og starfsráðgjafa


mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki
 35 (15%) 107 (46%) 34 (14%) 12 (5%) 47 (20%)

**Ég er ánægð/ur með samskipti mín við náms- og starfsráðgjafa**

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki
 60 (25%) 95 (40%) 18 (8%) 7 (3%) 56 (24%)

**Mér finnst náms- og starfsráðgjafarnir á góðum stað í skólanum**

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki
 50 (21%) 123 (53%) 28 (12%) 3 (1%) 29 (12%)




Skrifstofan

Könnun á samskiptum nemenda við skrifstofu skólans

Ég er ánægð/ur með viðmót starfsfólks á skrifstofu

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki


120 (51%) 93 (39%) 14 (6%) 2 (1%) 7 (3%)



Ég er ánægð/ur með þjónustu skrifstofu

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki


118 (50%) 98 (42%) 9 (4%) 2 (1%) 9 (4%)



Ég fæ rými og næði til að koma erindum mínum á framfæri á skrifstofu

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki

69 (29%) 93 (39%) 43 (18%) 11 (5%) 20 (8%)



Er eitthvað sem betur mætti fara á skrifstofu?

Fjöldi: 237 - Auð: 176

- betri biðstofa og meira næði (10 nemendur)
 - Hugsanlega mætti biðstofan vera betri þ.e.a.s. þegar mikið er að gera og fólk þarf að athafna sig.
 - aðeins lokaðara svæði ef maður þarf að tala um eitthvað persónulegt.
 - Já að þetta væri ekki alveg svona opið eða þegar maður er að fara tala um eitthvað sem maður vill kannski ekki að allir heyra er óþægilegt að spurja um það þegar allir standa í kringum mann.
 - meira rými við afgr.borð
 - Það er ekki hægt að koma neinum persónulegum málum á framfæri því það er oft mikið af fólki.
 - Það sem betur mætti fara er að hafa mætti skrifstofuna meira aðskilda frá biðstofu til náms- og starfsráðgjafa og skóla- og aðstoðarskjólastjóra þar sem í byrjun annar er yfirleitt biðröð til áðurnefndra aðila og getur það verið óþægilegt ef maður þarf að koma sínum skilaboðum eða fá aðstoð á skrifstofu - hún er svolítið fyrir opnum dyrum hvað það varðar.

- liðlegri afgreiðsla (12 nemendur)
 - Starfsfólk á skrifstofu mætti gefa betri og skýrari leiðbeiningar með sumum spurningum nemenda.

- lengri opnunartími (3 nemendur)
 - Mætti vera opin til fjögur en ekki til þrjú.


- annað
 - Mætti vera fleiri upplýsingar til staðar á pappír, í hillum, t.d. mætti gera bækling um mismunandi námsbrautir í FÁ þannig maður þurfi ekki alltaf að kynna sér þetta sjálfur á vefsíðunni, sem er skrýtin uppsett, og þarf þá ekki að spyrja bara út í þetta heldur getur bara fengið upplýsingarnar svart á hvítt.
 - Mætti vera meiri/betri upplýsingar fyrir foreldri sem sagt réttindi veikindadaga mans sjálfan og barna fansnt ég alltaf fá misjvísandi upplýsingar um þetta og að veikindavottorð h efði ekki tað segja fyrir skólasókn og þar af leiðandi skólasókn fljót að fara niður fyrir einstætt foreldri með 3 börn, á meira kanski við almennt upplýsinaflæði, einnig hverjir hafa rétt á frjálstri mætingu,hef eitthvað heyrt að sumir hafa verið undir því.
 - Það mætti skrá fjarvistir kennara á heimasíðu skólans eða á mínar síður...
 - Það mætti vera vatnsstandur svo nemendur geti svalað þorsta sínum innan um hátækniserað fólk sem vinnur þar.

Fjármáladeild

Könnun á samskiptum nemenda við fjármáladeild skólans
Veistu hvar fjármálastjóri er staðsettur í skólanum?

já nei


78 (33%) 159 (67%)



Hefur þú þurft að leita til fjármálastjóra?

já nei


43 (18%) 193 (82%)



Fékkstu úrlausn þinna mála?

já nei veit ekki

44 (20%) 16 (7%) 160 (73%)




Bókasafn

Könnun á samskiptum nemenda við bókasafnið

Finnt þér þú fá nægilega kennslu í að nota bókasafn skólans?

já nei veit ekki


130 (56%) 50 (21%) 54 (23%)



Færðu aðstoð hjá starfsfólki bókasafnsins þegar þú leitar eftir henni?


of mikla nægilega of litla veit ekki

8 (3%) 181 (77%) 3 (1%) 43 (18%)




Vinnuaðstaða nemenda á bókasafninu er góð


mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki
 62 (26%) 113 (48%) 29 (12%) 5 (2%) 26 (11%)

**Hvað finnst þér um afgreiðslutíma bókasafnins?**

hæfilegur of stuttur of langur veit ekki
 140 (59%) 40 (17%) 0 (0%) 56 (24%)

**Ég er ánægð/ur með viðmót starfsfólks á bókasafni skólans**

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki
 91 (39%) 104 (44%) 5 (2%) 2 (1%) 33 (14%)




Þjónustuver - tölvuver

Könnun á samskiptum nemenda við þjónustuver (tölvuver)


Hefur þú nýtt þér einhverja af eftirtalinni þjónustu einu sinni eða oftar? Merktu við fleiri en einn valkost ef það á við.

Prentun	147 (28%)	<input type="checkbox"/>
Aðstöðu í tölvustofum, utan kennslustunda	106 (20%)	<input type="checkbox"/>
Tölvuaðstöðu á göngum í vestur- og austurálmum	140 (27%)	<input type="checkbox"/>
Hádegistíma í þjónustuveri	81 (16%)	<input type="checkbox"/>
Ekkert að ofantöldu á við	44 (8%)	<input type="checkbox"/>




Hvernig líkar þér þjónustan í þjónustuverinu?

mjög vel	29 (12%)	vel	54 (23%)	sæmilega	36 (15%)	illa	19 (8%)	veit ekki	97 (41%)
<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>	




Hefur þú fengið úrlausn þinna mála í þjónustuverinu?


alltaf oft sjaldan aldrei veit ekki
 55 (23%) 41 (17%) 26 (11%) 14 (6%) 99 (42%)

**Hefur þú fengið aðstoð starfsfólks þjónustuversins fyrir utan opnunartíma þess?**

já nei
 26 (11%) 206 (89%)

**Ég er ánægð/ur með opnunartíma/afgreiðslutíma þjónustuversins**

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki
 8 (3%) 41 (17%) 50 (21%) 37 (16%) 100 (42%)



Er eitthvað sem betur mætti fara í þjónustuverinu?

Fjöldi: 237 - Auð: 171

- lengri afgreiðslutími (42 nemendur)
 - Hádegistíminn í þjónustuverinu til þess að fá internetið í tölvuna var allt of lítill svona í byrjun skólaársins.
 - Þjónustuverið mætti vera opið í samræmi við bókasafnið.
 - Mætti vera opið í lengri tíma í senn sérstaklega í byrjun skólaannar þar sem mikið er að gera þar.
 - ... ef maður lendir í prentvandamálum kl. 16 á daginn þá er bara enginn til aðstoðar ... mætti alveg vera opið frá 11-15.
 - Mætti vera opið líka í 20 mínútna hléinu.
 - Það mættu vera fjölbreyttari tímar á þessum hádegistímum. Hafa einn daginn opið á morgnanna, einn dag í hádegi til dæmis.

- almennilegra viðmót og meiri þjónustulund (8 nemendur)

- betra aðgengi að tölvum/tölvustofum (6 nemendur)
 - Mér finnst að ein stofa mætti að minnsta kosti vera laus fyrir nemendur sem kjósa að vinna verkefni sín eftir að skóladegi lýkur.
 - Tölvurnar of hægar, allt tekur of langan tíma þar, betra að fara e-h annað
 - Það mætti hafa fleiri tölvur fyrir nemendur sem eru að gera verkefnavinnu utan tíma Því maður fær yfirleitt ekki að vinna verkefni í tölvustofunum þegar þar eru tímar. Mætti einnig hafa betri tölvur sem eru frammi á göngunum. Þær eru alltaf að frjósa og erfitt að vinna í þeim.


- annað
 - mætti sýna betur hvort tími sé í stofunum
 - þar að vera hægt að nota minniskubba í tölvuverinu

Heimasíða skólans

Spurningar um þjónustusíðu og Mínar síður


Hefur þú leitað að upplýsingum um þjónustu á heimasíðu skólans?

já nei
 209 (90%) 24 (10%)



Þjónustusíðan er aðgengileg og vel skipulögð

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki
 71 (30%) 116 (49%) 19 (8%) 9 (4%) 22 (9%)



Hvaða valkosti/upplýsingar vantar á þjónustusíðu?

Fjöldi: 237 - Auð: 174


- skjáauglýsingar og upplýsingar um forföll kennara (36 nemendur)
 - Ég er búin að leita um allt og veit ekki hvort það sé en ég sá ekki hvar kennarar eru fjarverandi? Mjög ruglingslegt að hafa svona mörg notendanöfn og tvö lykilorð.
 - Skjáinn! Það eru ekki allir kennarar sem tilkynna veikindi á „Mínum síðum“.
 - \"skjáinn\" og hann þarf að koma inn á ASAP.
 - Skjáauglýsingar og möguleiki að tengjast stadarnet skólans thadan.
 - VANTAR SKJÁINN!! Nú erum við í skólanum á hlaupum, í N-stofum og í Ármúla 17. Ég vil fá skjáinn áftur á forsíðu skólans, þar sem ekki allir kennarar nota „Mínar síður“.

- uppfæra skóladagatal og fréttir (3 nemendur)
 - Að uppfæra nýjustu fréttir eins og til dæmis að láta vita með fyrirvara hvenær það er umsjónartími.
 - Skóladagatal mætti vera nákvæmara og til dæmis sýna hvenær nemendur eiga að mæta í skóla eftir áramót.


- annað
 - afþreyingu
 - betra skipulag á próftöflunum
 - hún mætti vera skemmtilegri og aðgengilegri!
 - ... ekki bara prófareglur heldur ákvæði t.d. hvað varðar próf á önn, hversu mörg má setja á viku. Hvenær er síðasti sjéns til að setja á skyndipróf fyrir lok annar ofl
 - Það eru allt of margir valmöguleikar á heimasíðunni

Hefur þú notað "Mínar síður"?

já nei
 183 (78%) 51 (22%)

**"Mínar síður" eru aðgengilegar og vel skipulagðar**

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki
 47 (20%) 84 (36%) 37 (16%) 20 (8%) 48 (20%)



Hvaða valkosti/upplýsingar vantar á "Mínar síður"?

Fjöldi: 237 - Auð: 162

- að kennarar skrái forföll (29 nemendur)
- að kennarar nýti sér „Mínar síður“ (20 nemendur)
 - að kennarar séu duglegri við að setja inn upplýsingar þangað eins og t.d ef það er ekki kennsla í tímum, próf og fleira í þeim dúr.
 - gott kerfi en vantar virkni kennara þar inni.
 - kennarar mega vera duglegri að setja inn skilaboð á "mínar síður", aðeins 2 kennarar sem kenna mér nota "mínar síður" alltaf, einn kennari notar sjaldan, hinir ekkert.
 - meira með upplýsingar um heimalærdóm
 - Það eru ekkert allir kennarar sem að nota mínar síður og það er svolítið pirrandi. En hjá þeim kennurum sem að nota síðurnar og setja inn upplýsingar þá er þetta afar þægilegt.
- of mörg kerfi (23 nemendur)
 - Ég bara veit ekki einu sinni tilhvers Mínar síður eru. Flestir kennarar nota WebCT og hvað hafa Mínar síður sem Inna hefur ekki?
 - Ég hef ekki notað Mínar síður vegna þess hve lítið gagn ég hef af þeim. Ég mæli eindregið með að MySchool kerfið verði skoðað! Það er einfalt og þarf EKKI Java!
 - Finnst að það mætti hreinlega sleppa þeim. Maður á nóg með webct, innu og skólapóstinn.
 - Henda þessu dóti út. Allt of mikið af síðum (Inna, webct, pósturinn, deildir, mínar síður) þar sem nemandi þarf að leita sér að upplýsingum um fög - Kennarar nota sitt á hvað og lítil sem engin samræming í gangi!
 - Sleppa því og nota bara Innu, Inna er ítarlegra forrit
 - Veljið þið bara eitt kerfi. Þetta er óþolandi. WebCT eða hitt.
 - Það eina sem hægt er að gera þar er að skoða stundatöflu og bókalist + mætingu, hélt að þetta ætti að verða eitthvað meira sé ekki mikla ástæðu til að vera með bæði þetta og innu.
 - Það eru alltof mikið af þessu öllu (mínar síður, inna, vefpóstur, webct) það mætti setja þetta allt saman saman í eitt.
 - Það vantar að samræma aðgangsorð inn á allar síður sem notaðar eru í skólanum og samræma hvaða síður eru notaðar af kennurum, sumir nota mínar síður, sumir blackboard og sumir vefpóst þetta þarf að samræma.
 - Það væri þægilegt ef það væri hægt að nálgast allar upplýsingarnar sínar á einu stað, mér finnst of mikið að hafa mínar síður, webct og innu í gangi og þurfa að hoppa á milli til að leita af upplýsingum. t.d. um einkunnir eða bréf frá kennurum, en þeir nota ekki allir sömu leiðir við að ná til nemenda og getur það oft verið flókið og skilaboð komast ekki alltaf til skila.

- annað
 - Á maca tölvum þarf alltaf að skrá inn notendanafn og lykilorð tvisvar til þess að komast inná mínar síður, mætti laga það.
 - Annað stórt vandamál er hversu flókið er að skrá sig út af síðunni til að skrá annan aðila inn, eins og t.d. þegar við konan erum að nota síðuna (við erum bæði í skólanum).
 - Vantar betri útskýringu og upplýsingar um hvað sé hægt að gera með \"mínar síður\". Ég hef frekar leitað í innu. Einnig mega einkunnir hlutaprófa og verkefna vera sýnd á þessum síðum.
 - Væri sniðugt að hafa svona flipa til að ýta á \"Senda kennara póst\" og þá myndi maður bara færast inn á mail.fa.is þjónustuna.
 - Það vantar helst að kenna öllum nýjum nemendum á mínar síður, ekki bara þeim sem eru nýnemar.
 - Það vantar meira um hina nemendurnar og svona.


Sjoppan

Spurningar um þjónustu sjoppunnar

Mér finnst að sælgæti eigi að vera til í sjoppunni

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki


57 (24%) 75 (32%) 39 (17%) 36 (15%) 27 (12%)



Ég er ánægð/ur með að hægt sé að fá smurt brauð að eigin vali í sjoppunni

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki


190 (81%) 34 (14%) 0 (0%) 1 (0%) 11 (5%)



Ég er ánægð/ur með afgreiðslutíma sjoppunnar


mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála veit ekki

131 (56%) 66 (28%) 18 (8%) 3 (1%) 17 (7%)



Ég er ánægð/ur með viðmót starfsfólks í sjoppunni

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	veit ekki
105 (44%)	86 (36%)	21 (9%)	6 (3%)	18 (8%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

**Er eitthvað sem þér finnst betur mega fara í sjoppunni?**

Fjöldi: 237 - Auð: 136

- alltof lítil, alltof langar biðraðir (34 nemendur)
 - Alltof lítil sjoppa fyrir svona stóran skóla sem skapar mjög langar raðir. Vonandi verður svona flott mótuneyti eins og í öðrum skólum í viðbyggingunni.
 - Betra pláss, bæði fyrir vinnufolkið og nemendur sem eru að versla þar.
 - Fjölga starfsfólki og fá stærri pláss undir sjoppuna. Það er ómögulegt að fá afgreiðslu þar í frímínútum og í hádegi þar sem þær eru einungis tvær og mjög margir nemendur að versla á sama tíma.
 - Hafa tvær sjoppur eða stækka þessa sem er við núna!!
 - Hún þyrfti að vera stærri, með fleira starfsfólk eða að hafa tvær sjoppur. Helst meira úrval af hollum mat.
 - Skipuleggja röðina betur, svo fólk gæti farið í EINFALDA röð með t.d. bakka og borgað á endanum.
 - Það mætti reyna að auka starfsfólki í hádegistörninni til að létta á þeim 2 sem eru þarna alla daga þá getur allt gegnið miklu hraðar fyrir sig.
 - Vantar betri aðstöðu til þess að hafa röð, þ.e.a.s hafa kaðla og línu svo hægt sé að mynda röð í sjoppuna en ekki allir að klessast saman og ryðjast.

- fjölbreyttara úrval og hollara mat (29 nemendur)
 - Breyta í lítið mötuneyti (t.d eins og Iðnskólanum) og hafa meira úrval.
 - ... það ætti að vera mötuneyti með heitum og hollum mat í hádeginu.
 - Fjölbreyttara úrval af hollu fæði. Eingöngu er til brauð, pasta og aftur brauð.
 - meira úrval af áleggi, koma aftur með egginn að minnsta kosti.
 - Meiri af avöxtum og grænmeti
 - Mér finnst að það ætti að bjóða upp á hollari mat. aðeins eru í boði hvít hveiti hvort sem um er að ræða brauð, núðlur eða pasta. hvað með salatbar eða e-ð því um líkt.
 - Vantar fjölbreytni og meira úrval, það er soldið þreytt að fá bara brauðmeti, skyr eða núðlur á hverjum degi í 4 ár
 - Það vantar smá fjölbreytileika. Samanber pizza 2var í viku mætti reyna eitthvað annað svipað.
 - það væri mjög sniðugt að hafa meira úrval af kjötáleggi en bara skinku. T.d. kalkúnaskinku eða kjúklingaálegg.
 - Miklu meira úrval af einvherju hollu... salat? og allt sem hægt er að fá hollt í sjoppunni er dýrara en sælgæti.
 - Mætti vera fjölbreytilegra og meira hollt í boði t.d. spelt brauð.
 - ætti að reyna vera með eitthvað hollara og vantar tyggjó
 - Ætti bara alveg að hætta að selja gos og nammi.
 - Mætti bjóða upp á heitan mat í hádeginu í staðinn fyrir sjoppufyrirkomulag.

- liðlegri afgreiðsla og meiri þjónustulund (9 nemendur)

- lengri opnunartími (8 nemendur)
 - finnst að sjoppun ætti að opna fyrir kl 8
 - Mætti vera opin þar til síðasti tíminn er búinn á daginn.
 - það væri betra ef sjoppun myndi opna 7:30 og loka 16:00


- annað
 - Í N-stofunum mætti vera aðstaða í heitt vatn svo hægt sé að útbúa sér nestið sitt þar. Kaffivél í N-stofunum yrði líka gott fyrir kaffiþyrsta námsmenn.
 - bæta við sjálfsölum með t.d. kókómjólki (og öðrum drykkjum) og samlokum og mat í staðinn fyrir bara nammi.
 - mætti vera hraðbanki í skólanum eða hraðvirkari posi
 - Nemendur sem afgreiða í hjáverkum verða að muna að gæta hreinlætis.
 - það mætti setja upp fleiri sjálfsala, jafnvel með vörum úr sjoppunni t.d forsmurðu brauði og ávaxtdrykkjum.
 - það mætti vera oftast sem nemendur koma og hjálpa. gæti t.d. verið fjáröflunarleið fyrir útskrifarárgang eða þróunaraðstoðina.
 - það ætti að vera til miði með upplýsingum um hvað er til og hvað það kostar

Samgöngur

Könnun á því hvaða samgöngutæki nemendur nota
Hvernig kemur þú í skólann?

gangandi	14 (6%)	<input type="checkbox"/>
í strætó	46 (19%)	<input type="checkbox"/>
hjólandi	0 (0%)	<input type="checkbox"/>
á mótorgjólí / vespu	1 (0%)	<input type="checkbox"/>
sjálf(ur) á bíl	132 (56%)	<input type="checkbox"/>
fær far með öðrum	27 (11%)	<input type="checkbox"/>
annað	16 (7%)	<input type="checkbox"/>


[Sjá texta svör](#)



Hefur þú sótt um bílastæði við skólann?


já nei

64 (27%) 170 (73%)

**Ef svarið á undan var játandi - hefur þú fengið úthlutað stæði?**


já nei

45 (45%) 56 (55%)

**Ertu sátt(ur) við úthlutunarreglu skólans á bílastæðum?**

já veit ekki nei

67 (29%) 92 (40%) 69 (30%)



Hvernig vildir þú að bílastæðum við skólann væri úthlutað?

Fjöldi: 237 - Auð: 133

- velja forgangshópa (27 nemendur)
 - fólk sem á börn fyrst, eldri nemendur næst osfrv.
 - Að þeir sem þurfa sérstaklega á því að halda vegna fötlunar eða einhverskonar sjúkdóms fengju forgang að bílastæðum.
 - Að þeir sem þurftu mest á því að halda fengu það ! t.d einstæðir foreldrar og þeir sem koma langt að.
 - eftir aldri
 - Eftir því hve lengi nemandi hefur stundað nám við skólann
 - Eftir því hversu langt í burtu þú átt heima frá skólanum. Því lengra í burtu sem þú býrð því fleiri strætóa þarftu að taka og því meiri vesen.
 - ... nemendafélagið ætti að fá stæði fyrir innan hliðið
 - fyrir fólk sem koma í fullum bíl í staðinn fyrir einn í bíl

- fyrstir koma fyrstir fá (24 nemendur)
 - Hafið opið fyrir öllum og fyrstir koma fyrstir fá, það er sanngjarnt!!
 - Fyrstur kemur, fyrstur fær ... og vinir eiga að vera duglegri að koma saman.
 - Mér finnst að þetta ætti að vera fyrstu kemur fyrstu fær og það ætti líka að vera þannig með kennarana.
 - Bílastæðin ættu að vera opin öllum.
 - búði bara til fleiri stæði. hvað er þetta.
 - Það eru alltaf stæði laus á planinu, hvernig væri að úthluta stæðum með að hafa fleiri en mögulega komast. Þá eru ca. 90% líkur að þú fái stæði en þá eru þau vonandi oftast nálægt því að vera full. Annars finnst mér illa staðið að bílastæðamálum.

- of hátt gjald fyrir stæði (21 nemandi)
 - Bílastæðin ættu að vera án gjaldtöku
 - Fátækir námsmenn hafa ekki efni á því að vera að leigja, borga bíl, kaupa í matinn, borga skólann og bækur og þurfa svo að borga 8000 krónur í bílastæði við skólann.
 - 8 þúsund krónur fyrir eitthvað sem er í okkar samfélagi frekar sjálfsagður hlutur finnst mér kjánalegt, ég skil heldur ekki í hvað þessir peningar eru að fara???
 - það er bara fíranlegt að láta nemendur borga fyrir stæði það ætti bara að vera í skólagjöldunum innifalið í þeim og þá kannski á móti hækka þau aðeins

- úthluta eftir mætingu (18 nemendur)
 - Á að fara eftir mætingu hjá fólki. Fólk sem mætir illa á ekki að fá stæði þar sem það fólk er ekki nærri því alltaf hérna.
 - Að þeir nemendur sem standa sig vel í mætingu ættu rétt á því að fá frí stæði.
 - Nemendur sem eru duglegir að mæta í skólan þurfa að sjálfsögðu meira á bílastæðunum að halda. Bílastæðum ættu EKKI að vera úthlutað samkvæmt námsárangri því að það er ekki sanngjarnt gagnvart nemendum með einhverskonar erfiðleika í námi, og auk þess er alltaf hægt að bæta sig.
 - Mér finnst að einkunir, skólasókn, ástundun og ýmsir aðrir þættir mættu vera metnir. Fólk sem býr langt í burtu eða er með börn ætti jafnvel að fá að ganga fyrir og svo finnst mér að það ætti að hvetja unga fólk að koma í strætó því það er ódýrara og minni mengun fyrir loftið sem við öndum að okkur.

- draga af handahófi (10 nemendur)
 - 1x2 og að þeir sem nauðsynlega þurfa stæði eða hafa fín og góð rök fyrir þörf sína á bílastæði myndi þá fá stæði.
 - Draga úr potti, kannski taka tillit til búsetu fólks, aldurs eða barnafjölda?

- annað
 - Það væri ágætt að fá að vita meira um stæðin í framtíðinni og ég var að velja líka fyrir mér hvort að draga úr stæðum væri í einhverju tengslum við græna fánann?
 - Aftur á móti skil ég ekki af hverju grasbalinn austan megin við skólann er ekki nýttur undir bílastæði.
 - Hví getur Strætó ekki ekið Ármúla, á milli Vegmúla og Grensásvegjar á þeim tíma er skóli hefst?
 - Uppboð
 - Það hefði náttúrulega átt að gera bílastæðakjallara undir nýbygginguna, og þá væri ekki vesen með að úthluta bílastæði. Þá fengju allavega flestir stæði.